

Nd.

708. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra;
- b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
- c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
- d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;

- e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolatandi:

Eigendur jeephifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að rétttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár,

svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

4. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin.

5. gr.

8. gr. laganna, sem felld var niður með lögum nr. 27 14. apríl 1947, komi inn aftur og orðist svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

- a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 auru innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar.
- b. Til viðhalds og umbóta akvegum skal verja fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7. maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að háðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða $\frac{3}{4}$ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.